



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA

**22. ársþing SSNV, haldið í Félagsheimilinu á
Hvammstanga, 16.-17. október 2014**

FUNDARGERÐ

Ingibergur Guðmundsson, Hildur Þóra Magnúsdóttir





FIMMTUDAGUR 16. OKTÓBER 2014

Pingsetning

Bjarni Jónsson, formaður stjórnar SSNV, setti þingið og bauð þingfulltrúa, þingmenn og aðra gesti velkomna.

Því næst tilnefndi hann Júlíus Guðna Antonsson og Guðnýju Helgu Björnsdóttur, Húnaþingi vestra, sem þingforseta. Var það samþykkt og tóku þau við fundarstjórn.

Tillaga að starfsmönnum fundarins

Þingforseti lagði fram tillögu að öðrum starfsmönnum þingsins:

Þingritarar: Ingibergur Guðmundsson og Hildur Þóra Magnúsdóttir, SSNV

Varaþingritarar: Gudrun Kloes og Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, SSNV

Tillagan var samþykkt.

Tillaga um skipun kjörnefndar

Þingforseti lagði fram tillögu stjórnar um skipan kjörnefndar:

Ásta Pálmadóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, formaður,

Viggó Jónsson, Sveitarfélaginu Skagafirði,

Halldór G. Ólafsson, Sveitarfélaginu Skagaströnd,

Jóhanna Magnúsdóttir, Húnavatnshreppi,

Stefán Böðvarsson, Húnaþingi vestra.

Tillaga var samþykkt.

Tillaga um þingnefndir og fundarboðendur þeirra

Þingforseti lagði fram tillögu um þingnefndir og fundarboðendur þeirra:

Fjárhags- og laganefnd: Magnús B. Jónsson, Sveitarfélaginu Skagaströnd, kallar nefndina saman.

Allsherjarnefnd: Sigríður Svavarsdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, kallar nefndina saman.

Tillagan var samþykkt.

Starfsskýrslur, ársreikninga og fjárhagsáætlanir

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra SSNV

Formaður stjórnar SSNV, Bjarni Jónsson, flutti skýrslu SSNV fyrir árið 2013. Hann vísaði til greinargerðar í prentaðri ársskýrslu SSNV en dró fram nokkur áhersluatriði í máli sínu.

Starfsemin var fjölbreytt og nokkuð mörkuð af nýjum og stórum verkefnum, s.s. almenningssamgöngum, Sóknaráætlun landshluta, tilflutningi á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga og stofnun nýs byggðasamlags þar um.

Á undanförunum árum hefur ríkisvaldið í æ ríkara mæli beint samráði og samstarfi um ýmis verkefni að landshlutasamtökunum. Þessi þróun hefur kallað á að sveitarfélögin í hverjum landshluta lagi samstarf sitt að breyttu og auknu hlutverki og finni sem bestar leiðir til að tryggja skilvirkni í starfi sínu en um leið lýðræðislegar leiðir til ákvarðanatöku.

Bylting hefur orðið í almenningssamgöngum landleiðina síðustu misserin. Ferðir eru bæði tíðari og ódýrari en áður og miða enn frekar að þörfum íbúanna. Hins vegar hefur orðið misbrestur á því að ríkið hafi staðið við sinn hluta af samningnum.



Sóknaráætlun landshluta er eitt nýrra verkefna landshlutasamtakanna. Á árinu var þeim fjármunum sem fengust í verkefnið ráðstafað til fjölbreyttra verkefna sem miðuðust að því að fjölga tækifærum ungs fólks til starfa og búsetu á Norðurlandi vestra.

Landshlutasamtökin reka fjölbreytt atvinnuþróunarstarf sem miðar að því að þjónusta einstaklinga og fyrirtæki á svæðinu. Einnig er unnið að margvíslegri gagnaöflun, greiningum og skýrsluvinnu fyrir aðildarsveitarfélögin og samtökin. Þá eru fyrirtæki kynnt og verðlaunuð á Degi atvinnulífsins og ráðist hefur verið í stórt átaksverkefni í ferðaþjónustu.

Að lokum þakkaði Bjarni samstarfsfólki sínu í stjórn fyrir gott samstarf, hann þakkaði sérstaklega Ágústi Þór Bragasyni sem lengi hefur starfað í sveitarstjórnarmálum á svæðinu og verið alls níu ár í stjórn. Einnig þakkaði hann starfsfólki SSNV fyrir störf sín.

Starfsskýrsla verkefnastjóra málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra og ársreikningur 2013

Verkefnastjóri málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra, Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, flutti starfsskýrslu sína sem miðast við 17. okt.-31. des. 2013 en þá var starfsemin flutt yfir í sérstakt byggðasamlag sem heitir Rætur.

Gréta Sjöfn sagði frá undirbúningi við stofnun nýja byggðasamlagsins og þakkaði undirbúningsnefnd sérstaklega fyrir sín störf en þann 29. janúar sl. var stofnfundur haldinn á Sauðárkróki. Hún sagði að faglega væri erfitt að vinna í því fjárhagslega óöryggi sem málaflökkurinn býr við. Hún ræddi einnig um mikilvægi þess að þróa þjónustuna áfram með það að leiðarljósi að bæta hana enn frekar.

Gréta Sjöfn þakkaði samstarfsaðilum, sveitarfélögum og starfsfólki þeirra fyrir ánægjulegt samstarf þau 15 ár sem hún hefur starfað fyrir SSNV.

Gréta Sjöfn studdist við glærur í máli sínu sem aðgengilegar eru á heimasíðu SSNV.

Kristján Jónasson, KPMG, gerði grein fyrir ársreikningi Byggðasamlags um málefni fatlaðra fyrir árið 2013. Þá gerði hann einnig grein fyrir bréfi ásamt tillögu KPMG til stjórnar SSNV um uppgjör og framkvæmd á breytingu SFNV yfir í sjálfstætt starfandi byggðasamlag um málefni fatlaðra, Rætur. Tillögurnar eru byggðar á stefnu sem áður hafði verið mörkuð af sveitarfélögunum þar um.

Ársreikningur Byggðasamlags um málefni fatlaðra fyrir árið 2013 er aðgengilegur í Ársskýrslu SSNV sem birtur er á heimasíðu SSNV.

Starfsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra

Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Sigurjón Þórðarson, greindi frá starfsemi heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2013.

Árið markaðist mjög að umræðu um fráveitumál sem segja má að hafi kristallast í áramótaskaupi sjónvarpsins. Starfaði Sigurjón í nefnd á vegum ráðuneytisins sem fjallaði um þessi mál. Þá væri mikilvægt að halda heilbrigðiseftirlitinu áfram hjá sveitarfélögunum en færa það ekki í hendur ríkisstofnana.

Þegar horft er til framtíðar þá er ljóst að aukin vinna við rannsóknir, sýnatöku og mælingar er í farvatninu og mikilvægt er að þeirri vinnu verði haldið á svæðinu. Mikilvægt er að Fjallabyggð verði áfram í samstarfinu.

Þá beindi Sigurjón þeirri ábendingu til sveitarfélaga að ef að rekstri sundlauga er úthýst þá sé ljóst hver ber ábyrgð á eftirliti með rekstrinum.



Steinnun Hjartardóttir, starfsmaður Heilbrigðiseftirlitsins, fjallaði um urðunarstaðinn að Stekkjarvík, sem er í landi Sölvabakka í A-Hún., magn sorps og sýnatökuáætlanir sem þar þarf að taka.

Steinnun studdist við glærur í máli sínu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

Ársreikningar 2013, greinargerð og fjárhagsáætlanir 2015

Bjarni Jónsson, formaður stjórnar SSNV, lagði fram fjárhagsáætlun SSNV og SSNV atvinnuþróunar fyrir árið 2015. Gert er ráð fyrir óbreyttum framlögum sveitarfélaganna en ennþá eru margir óvissuþættir sem eru tengdir framlögum ríkisvaldsins. Þá er gert ráð fyrir því að ganga á sjóði sambandsins í rekstraráætlun.

Kristján Jónasson KPMG, fór yfir ársreikninga Menningarráðs Norðurlands vestra, Vaxtarsamnings Norðurlands vestra, SSNV atvinnuþróunar og SSNV fyrir árið 2013.

Ársreikningarnir eru aðgengilegir í ársskýrslu SSNV á heimasíðu SSNV.

Þórður Bogason hrl., Lögmenn Höfðabakka, gerði grein fyrir yfirferð og mati á lokauppgjöri NORCE- verkefni árið 2013 þar sem ANVEST var umsjónaraðili.

ANVEST tók þátt í svokölluðu NORCE verkefni á árunum 2004-2009 sem ábyrgðaraðili. Verkefnið var rekið á kennitölu ANVEST af hagkvæmnisástæðum. Árið 2005 runnu SSNV og ANVEST saman og varð SSNV því ábyrgðaraðili verkefnisins. Fjárhagsbókhaldi var haldið utan við daglegan rekstur og bókhald ANVEST og SSNV. Formlegt uppgjör fór fram árið 2010 með skoðun endurskoðunardeildar NPP og Byggðastofnunar.

Í ársskýrslu 2007 á bls. 18-19 var greint frá verkefninu. Þegar verkefninu lauk voru eftir fjármunir og tekin var ákvörðun um að þeir yrðu geymdir ef eftir væru útistandandi reikningar sem þyrfti að greiða og til að sækja um ný verkefni á vegum Norðurslóðaáætlunar. Því var fjárhagsbókhaldi haldið utan fjárhagsbókhaldi SSNV til ársloka 2013. Þeim fjármunum sem eftir stóðu var ráðstafað í þágu NORCE eða nýtt beint til rekstrar SSNV. Stjórn SSNV var ekki gerð grein fyrir þessu fyrirfram og leitaði því eftir greinargerð um málið frá KPMG og Lögmönnum Höfðabakka. Það kom fram í máli Þórðar að heppilegra hefði verið ef fjármunirnir hefðu verið sameinaðir bókhaldi SSNV árið 2010 og uppgjörið hefði verið borið með formlegum hætti undir stjórn samtakanna á þeim tíma. Í þessu sambandi mætti því skýra betur valdsvið og heimildir framkvæmdarstjóra, t.d með því að setja framkvæmdarstjóra erindisbréf.

Fyrirspurnir og umræður um starfsskýrslur, ársreikninga, greinargerð og fjárhagsáætlanir.

Til máls tóku:

Magnús B. Jónsson, Sigurjón Þórðarson og Stefán Vagn Stefánsson sem lagði fram eftirfarandi tvær tillögur:

Niðurfelling árgjalda til SSNV atvinnuþróunar

Árþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16. og 17. október 2014, leggur til, í ljósi góðrar fjárhagsstöðu SSNV atvinnuþróunar, að árgjald aðildarsveitarfélaganna til atvinnuþróunar SSNV verði fellt niður fyrir árið 2015. Fjárhagsáætlun ársins 2015 verði breytt í samræmi við það.

Greinargerð:



Samkvæmt ársreikningi SSNV atvinnuþróunar er handbært fé félagsins í árslok 2013 28.751.699 kr. Árgjöld aðildarsveitarfélaganna eru samtals 20.000.000 kr. Mótframlag Byggðarstofnunar er 19.200.000 en rekstrarkostnaður samtakanna er um 40.000.000 kr. á ári. Því má ljóst vera að slík aðgerð mun ekki hafa áhrif á starfsemi samtakanna né möguleika þeirra til að sinna verkefnum sínum á árinu 2015. Ekki er eðlilegt að SSNV atvinnuþróun safni tug milljónum í sjóði og því er það lagt til að gengið verði á eigið fé samtakanna og aðildarsveitarfélögin geti ráðstafað þeim fjármunum sem annars færi í árgjaldið til brýnni verkefni heima fyrir.

Markaðs- og kynningarátak

Árþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16. og 17. október 2014, leggur til, í ljósi góðrar fjárhagsstöðu SSNV, að samtökin leggi til 25.000.000 kr. í markaðs- og kynningarátak fyrir Norðurland vestra og verði stjórn samtakanna falin nánari útfærsla á verkefninu.

Greinargerð:

Samkvæmt ársreikningi SSNV fyrir árið 2013 er handbært fé 31. desember 56.010.387 kr. og því ljóst að um 30.000.000 kr. yrðu skildar eftir í sjóði náí tillagan fram að ganga. Norðurland vestra á undir högg að sækja og brýnt að sveitarfélögin á svæðinu snúi bökum saman og hefji sókn fyrir svæðið. Markaðs- og kynningarátak fyrir landshlutann er stór liður í því átaki.

Til máls tóku: Halldór G. Ólafsson, Sigurjón Þórðarson, Viggó Jónsson, Hörður Ríkharðsson, Þórður Bogason og Kristján Jónasson.

Þingforseti vísaði að svo búnu ársreikningum, fjárhagsáætlunum og tillögum til fjárhags- og laganeftirfarandi.

Tillögur og ályktanir lagðar fram

Eftirfarandi tillögur stjórnar SSNV lágu fyrir þinginu og höfðu verið sendar út í fundargögnum.

22. árþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, samþykkir eftirfarandi ályktanir sem allar miða að eflingu byggða og bættum búsetuskilyrðum á Norðurlandi vestra.

Starfsemi og þjónusta eftirlitsstofnana á svæðis- og landsvísu

22. árþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, leggur áherslu á að eftirlit og þjónusta við eftirlitsskylda starfsemi í landshlutanum skuli innt af hendi af Heilbrigðiseftirliti, Vinnueftirliti, eldvarnareftirliti og öðrum eftirlitsaðilum á Norðurlandi vestra. Jafnframt verði eftirlitsaðilum á Norðurlandi vestra falin önnur þau verkefni sem annast þarf á þeim vettvangi í stað þess að færa þau til miðlægra stofnanna sem oft hafa takmarkaða þekkingu á staðháttum og starfsemi á svæðinu. Brýnt er að samræma og samþætta eftirlitsstarfsemi til að draga úr heildarkostnaði við eftirlit og þeim kostnaði sem fellur á fyrirtæki og atvinnulíf.

Heilbrigðisþjónusta

22. árþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, ítrekar að hafa ber sjónarmið heimafólks að leiðarljósi þegar kemur að ákvörðunum um skipulag og framkvæmd heilbrigðisþjónustu í héraði og lýsir vonbrigðum og óánægju með þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið þegar teknar hafa verið stórar ákvarðanir um breytingar eða niðurskurð heilbrigðisþjónustu á svæðinu. Skorað er á ríkisstjórn Íslands og Alþingi að standa vörð um þá heilbrigðisþjónustu sem nú er veitt á Norðurlandi vestra og byggja upp nauðsynlega og stöðuga grunnþjónustu eftir langvarandi niðurskurð og hagræðingu. Óásættanlegt er að



þjónustan verði skert meira en orðið er og sú óvissa sem ríkt hefur um þjónustuna og framkvæmd hennar er ekki boðleg. Slíkt skaðar búsetuöryggi og lífsgæði á svæðinu.

Sóknaráætlun landshluta

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, lýsir ánægju með það fyrirkomulag sem á hefur komist á vettvangi Sóknaráætlunar landshluta þar sem forræði fjármuna og verkefna hefur verið á höndum heimamanna með samþættingu áætlana og samninga um verkefni á svæðinu að leiðarljósi. Brýnt er að áfram verði haldið á sömu braut og nauðsynlegt er að horfa til lengri tíma, en gert hefur verið, fyrir hvert samningstímabil svo ekki skapist óvissa um einstök verkefni. Þingið skorar á stjórnvöld að fylgja eftir af heilum hug því starfi sem raunverulega átti að vinna samkvæmt Sóknaráætlun landshluta og tryggja að áfram verði veitt fjármunum í verkefni innan áætlunarinnar.

Almenningssamgöngur

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, lýsir yfir ánægju með aukna þjónustu við íbúa á sviði almenningssamgangna sem hefur reynst mikilvægur þáttur í að styrkja samgöngur innan svæðis og tengja það við aðra landshluta. Vaxandi fjöldi farþega sýnir, svo ekki verður um villst, að áhugi er fyrir að nýta þjónustuna og þróa hana enn frekar. Ársþingið harmar hinsvegar að ekki skuli hafa gengið eftir þau fyrirheit sem gefin voru af hálfu ríkisins varðandi einkaleyfi á umsömdum akstursleiðum og ríkið hafi einhliða ákveðið að hætta niðurgreiðslu olíugjalds vegna almenningssamgangna, með þeim afleiðingum að afkoma verkefnisins hefur ekki orðið í samræmi við áætlanir.

Ársþingið telur áframhaldandi aðkomu sveitarfélaga að verkefninu byggjast á að fjárframlög ríkisins og farþegatekjur dugi fyrir rekstrarkostnaði og að bætt verði lagaleg umgjörð verkefnisins svo umboð til sérleyfisaksturs verði skýrt og óskorað. Ekki er ásættanlegt að kostnaði við almenningssamgöngur verði velt yfir á sveitarfélögin eða ríkið sjái sér leik á borði að nýta sér þær sem nýjan tekjustofn á kostnað sveitarfélaganna.

Samgöngumál

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, leggur ríka áherslu á að unnið verði áfram að uppbyggingu vega á Norðurlandi vestra og mótmælir harðlega því fálæti sem landshlutanum hefur verið sýnt þegar kemur að nýframkvæmdum í Samgönguáætlun 2011-2022. Leggja verður áherslu á að hlutur Norðurlands vestra verði réttur í þeirri vinnu sem nú er að hefjast við endurskoðun Samgönguáætlunar.

Sveitarstjórnarmenn á Norðurlandi vestra hafa lagt á það áherslu að byggja upp greiðari samgöngur innansvæðis, m.a. með viðhaldi núverandi vegakerfis og stækkun atvinnu- og skólasóknarsvæða að leiðarljósi.

Aukin umferð ferðafólks kallar víða á úrbætur á héraðsvegum af öryggissjónamiðum og nauðsynlegt er að leggja héraðs- og tengivegi bundnu slitlagi. Þar með er ekki sagt að í öllum tilvikum þurfi að vera um að ræða tvíbreiða vegi. Þingið beinir því til innanríkisráðherra að eftirfarandi framkvæmdir á Norðurlandi vestra verði settar á samgönguáætlun:

- Þverárfjallsvegur: Endurbygging Skagastrandarvegar frá þjóðvegi 1 að Höskuldsstöðum.
- Héraðs- og tengivegir: Afar brýnt er að stórbæta viðhald héraðs- og tengivega í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum og að þeir verði lagðir bundnu slitlagi. Ekki er ásættanlegt að hagsmunir íbúa á Norðurlandi vestra verði áfram fyrir borð bornir þegar kemur að úthlutun fjármuna til viðhalds og nýframkvæmda héraðs- og tengivega. Þingið krefst þess að fjármunir til héraðs- og tengivega á starfssvæði SSNV verði stórauðnir frá núgildandi Samgönguáætlun, jafnframt verði úthlutað í nýrri



áætlun fjármunum til að halda megi áfram nauðsynlegri uppbyggingu og viðhaldi. Eftirfarandi framkvæmdir eru áherslur ársþingsins:

- ❖ Vatnsnesvegur 711
 - ❖ Miðfjarðarvegur 704
 - ❖ Þingeyravegur 721
 - ❖ Svínvetningabraut 731
 - ❖ Skagavegur 745
 - ❖ Skagafjarðarvegur 752
 - ❖ Reykjastrandarvegur 744
 - ❖ Tindastólsvegur 746
- Þjóðvegur 1: Áfram verði unnið að viðhaldi og breikkun þjóðvegur 1 á starfssvæði SSNV.
 - Vegstæði um Holtavörðuheidi: Nú þegar verði hafnar athuganir á lækkun vegstæðis þjóðvegur 1 um Holtavörðuheidi og sú framkvæmd sett á Samgönguáætlun. Ársþingið beinir því til þingmanna kjördæmisins að beita sér fyrir að þessar framkvæmdir nái fram að ganga sem fyrst.
 - Kjalvegur: Sívaxandi umferð um Kjalveg krefst mun meira viðhalds og þjónustu en verið hefur. Þingið skorar á samgöngufirvöld að bæta hér úr.
 - Jafnframt skorar þingið á innanríkisráðherra að tryggja áætlunarflug til Sauðárkróks og minnir á að óviðunandi er að Norðurland vestra verði eini landshlutinn sem ekki liggur að höfuðborgarsvæðinu sem ekki nýtur þjónustu innanlandsflugs.

Atvinnumál

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, leggur áherslu á eftirfarandi þætti í atvinnumálum:

- Í ljósi íbúa- og hagvaxtarþróunar liðinna ára á Norðurlandi vestra krefst þingið þess að stjórnvöld beiti sér sérstaklega fyrir því að áform um uppbyggingu mannaflsfræks iðnaðar nái fram að ganga á starfssvæði samtakanna, líkt og unnið hefur verið í öðrum landshlutum á undanförunum árum og áratugum. Þá leggur þingið áherslu á mikilvægi þess að ráðist verði í stækkun Blönduvirkjunar og krefst þess að orkuframleiðsla virkjunarinnar verði nýtt til atvinnuuppbyggingar á svæðinu eins og stjórnvöld gáfu fyrirheit um á sínum tíma. Þingið fer jafnframt fram á að raforkuöryggi verði tryggt á svæðinu í heild sinni og að þriggja fasa rafmagn verði tryggt fyrir íbúa þess.
- Mikilvægt er að tryggja stöðugleika og framþróun í rekstrarumhverfi sjávarútvegs og landbúnaðar sem eru grunnstoðir atvinnulífs á Norðurlandi vestra. Þingið leggur þunga áherslu á að hagsmunir sjávarútvegs og landbúnaðar verði tryggðir í hvívetna.
- Strandveiðar hafa sannað gildi sitt og haft jákvæð áhrif. Mikilvægt er að þróa það kerfi áfram. Þá er einnig mikilvægt að byggðastuðningur í gegnum línuvildun og byggðakvóta verði áfram til staðar.
- Flutningskostnaður er landsbyggðarskattur og því er afar brýnt að tillögur um skerðingu á fjármunum til jöfnunar flutningskostnaðar verði endurskoðaðar í því skyni að jafna kjör allra landsmanna í þessum efnum. Þá telur þingið að taka þurfi skattlagningu á eldsneyti til endurskoðunar því hátt eldsneytisverð hefur nú þegar haft neikvæð áhrif, m.a. á ferðaþjónustu og framleiðslukostnað fyrirtækja á landsbyggðinni.
- Fjármagn verði tryggt til forgangsverkefna í Sóknaráætlun landshlutans og annarra verkefna í samræmi við forgangsröðun heimamanna. Fyrir liggur að skerðing á framlögum til opinberrar starfsemi hefur hvergi orðið meiri undanfarin ár en á Norðurlandi vestra. Brýnt er að ógna ekki frekar búsetuskilyrðum og byggðaðróun í



landshlutanum með vanhugsuðum skerðingum og samdrætti í framlögum og þjónustu, þar sem vilji heimamanna og hagsmunir hafa ítrekað verið fyrir borð bornir.

- Starfsemi landshlutasamtaka og atvinnuþróunarfélaganna verði tryggð. Þingið leggur áherslu á að sveitarfélög í hverjum landshluta verði leiðandi í boðaðri endurskoðun á stoðkerfi atvinnulífsins og bendir í því sambandi á markmið Sóknaráætlunar landshluta um aukin áhrif sveitarfélaga og aðila í héraði í svæðisbundinni stefnumótun.
- Að aðgengi fyrirtækja á landsbyggðinni að fjármagni á samkeppnishæfum kjörum verði tryggt, m.a. í gegnum lánasvið Bygðastofnunar og aðrar fjármálastofnanir í landinu.
- Vel hefur tekist til með uppbyggingu á rannsókn- og þróunarstarfi á sviði nýtingar náttúruauðlinda og matvælaíðnaðar í landshlutanum. Skapar það NV mikilvæga sérstöðu á landsvísu. Má þar nefna fjölbreytt starf í Verinu, hjá Biopol og Selasetri Íslands. Mikil sóknarfæri felast í áframhaldandi uppbyggingu fyrirtækja og stofnana á þessu sviði og mikilvægt að stjórnvöld styðji enn betur við þessa vaxtarbrodda í landshlutanum.

Opinber þjónusta og starfsemi á Norðurlandi vestra

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, leggur ríka herslu á að ekki verði gengið lengra í fækkun opinberra starfa og skerðingu opinberrar þjónustu í landshlutanum. Það er óásættanlegt að á sama tíma og störfum í landshlutanum hefur fækkað um 52 frá árinu 2008 skuli störfum á Höfuðborgarsvæðinu hafa fjölgað stórlega. Þau störf sem helst hafa verið skorin niður á Norðurlandi vestra eru störf sem konur hafa gengt. Fækkun opinberra starfa og skerðing sem orðin er á grunnþjónustu hefur haft alvarleg áhrif á lífsgæði íbúa og svæðið sem ákjósanlegan valkost til búsetu. Nauðsynlegt er að gerð verði áætlun um uppbyggingu þjónustu á svæðinu til framtíðar, þar sem hugað verði að nýjum verkefnum, stuðningi við þá starfsemi sem fyrir er og flutningi ríkisstarfa til svæðisins.

Refa- og minkaveiðar

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, skorar á ríkisvaldið að veita auknu fjármagni til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink. Veiðarnar stuðla að því að unnt sé að meta og draga úr tjóni af völdum refa og minka og tryggja nauðsynlegt jafnvægi í lífríkinu. Oft fellur til mikill kostnaður á fámenn en landmikil sveitarfélög vegna veiðanna. Þingið fer fram á endurgreiðslur á virðisaukaskatti til sveitarfélaganna vegna veiðanna, til lækkunar á kostnaði.

Jafnrétti til húsnæðislána

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, kallar eftir aðgerðum til að mæta vaxandi þörf eftir nýju íbúðarhúsnæði í byggðum landsins. Þingið skorar á ríkisstjórnina að fylgja eftir stefnu sinni um endurskipulagningu húsnæðismarkaðarins og tryggi jafnrétti þegna landsins til búsetu. Íbúðalánasjóður hefur margsannað gildi sitt þegar kemur að lánveitingum til fjárfestinga í landsbyggðunum og er félagslegt hlutverk sjóðsins einnig ríkulegt. Þingið leggur áherslu á að starfsemi sjóðsins verði tryggð til framtíðar og höfuðstöðvar sjóðsins verði áfram á Sauðárkróki.

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, leggur áherslu á að staðinn verði vörður um Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra sem grundvallarstoð byggðar og menntunar í landshlutanum, bæði í bóknámi og verkgreinum. Vel hefur tekist til við þróun nýrra námsleiða við skólann og mikilvægt að því uppbyggingar- og þróunarstarfi verði haldið áfram og skólanum tryggðar nægar fjárveitingar og viðurkenning á nýjum námsbrautum.



Fjölbrautaskóli NV hefur unnið vel heppnað brautryðjendastarf í uppbyggingu dreifnáms á landsbyggðinni og stendur nú að dreifnámi á þremur stöðum, Blönduósi, Hvammstanga og Hólmavík. Ársþingið leggur áherslu á að tryggðir verði fjármunir til lengri tíma til reksturs og frekari þróunar dreifnáms á þessum stöðum. Dreifnámið hefur sannað gildi sitt og styrkir byggð, aðgengi að námi og búsetujafnrétti á Ströndum og Norðurlandi vestra.

Háskólinn á Hólum

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, undirstrikar mikilvægi Háskólans á Hólum fyrir mennta- og þróunarstarf á landsvísu og þá þýðingu sem starfsemi hans hefur fyrir landshlutann. Lögð er áhersla á mikilvægi Hóla í Hjaltadal, Hólaskóla-Háskólans á Hólum og vígslubiskupsembættis Hólastiftis. Hólar eru eitt elsta sögu, menningar og menntasetur þjóðarinnar og starfsemin þar skiptir gríðarmiklu máli fyrir héraðið, landshlutann sem og þjóðina alla. Háskólinn á Hólum hefur vaxið og dafnað á síðustu áratugum. Hann brautskráir nemendur með starfsmenntagráður, diplómapróf og háskólagráður. Einn helsti lykillinn að velgengni skólans er einmitt sjálfstæði hans sem hefur gert skólanum kleift að starfa á sínum eigin forsendum. Í krafti sjálfstæðis hefur hann sótt fram, styrkt stöðuna og breikkað verkefnasviðið með samningum við bændur, fyrirtæki, einstaka háskóla og rannsóknastofnanir hérlendis sem erlendis. Mikilvægt er að treysta fjárhagsstöðu skólans og verja sjálfstæði hans.

Hólar eru jafnframt einn af vinsælustu ferðamannastöðum á landinu, sögu og menningarsetur. Gæfa og styrkur Hóla í Hjaltadal er sjálfstæði og ábyrgð heimamanna. Bundið er í lögum bæði fyrir skóla og biskupssetur að rektor Hólaskóla og vígslubiskup Hólastiftis búi á Hólum. Þessi skipan hefur reynst farsæl og sjálfsögð.

Menningarmál

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, harmar þær skerðingar sem verið hafa á framlagi ríkisins til menningarmála í landshlutanum á undanförunum árum, einkum á stofn- og rekstrarstyrkjum. Þingið krefst þess að úr þessu verði bætt og framlög til NV leiðrétt. Framkvæmd menningarsamninga á NV hefur gengið vel og öflugur stuðningur við menningarstarf er mjög mikilvægur þeim fjölmörgu aðilum á svæðinu sem því sinna. Jafnframt því að leiðrétta þarf skerðingar á framlögum til landshlutans þarf að tryggja að ekki dragist úr hófi að hægt verði að úthluta vegna verkefna næsta árs.

Fjarskiptamál

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, krefst þess að tryggð verði aukin gæði fjarskipta á Norðurlandi vestra hvort sem um ræðir nettengingar, GSM samband á svæðinu eða önnur fjarskipti sem fylgja því að búa í nútímasamfélagi, hvort sem það tengist námi, starfi eða til að tryggja öryggi íbúa.

Lögð er áhersla á það sanngirniss- og jafnréttismál að allir íbúar landsins eigi kost á háhraðatengingu sem stenst nútímakröfur óháð búsetu. Sú krafa er í samræmi við fjarskiptaáætlun þar sem rík áhersla er lögð á atvinnuuppbyggingu, bætt lífsgæði og jákvæða byggðapróun.

Víða á Norðurlandi vestra er fjarskiptum verulega ábótavant. Gott farsíma- og netsamband er í senn stór öryggisþáttur og mikilvægur þáttur í uppbyggingu þjónustu, bæði fyrir íbúa og vaxandi fjölda ferðafólks. Skortur á góðum fjarskiptum getur staðið í vegi fyrir uppbyggingu fyrirtækja og þjónustu og dregið þannig úr lífsgæðum og veikt svæðið sem valkost til búsetu.

Málefni fatlaðs fólks

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, fer fram á leiðréttingu á tekjuforsendum við útteilingu fjármuna til þjónustu við fatlað fólk á starfssvæði byggðasamlagsins Róta. Þingið leggur jafnframt áherslu á að sett verði í úthlutunarreglur



vegna þjónustu við fatlað fólk, ákvæði sem gera ráð fyrir auknum kostnaði vegna þjónustu sem veitt er í dreifðum byggðum. Tryggja verður að uppbygging og veiting þjónustu við fatlað fólk á starfssvæði byggðasamlagins fái að haldast óáreitt svo hægt verði að vinna áfram að markmiðum yfirfærslunnar með því að stuðla að samþættingu nærþjónustu við íbúa sveitarfélaga, bæta þjónustu í heild og auka möguleika til að laga hana að þörfum fatlaðs fólks með hliðsjón af ólíkum aðstæðum.

Ferðaþjónusta

22. ársþing SSNV, haldið í Húnaþingi vestra 16.-17. október 2014, leggur áherslu á þá miklu möguleika sem felast í uppbyggingu ferðaþjónustu og grunnstöðum hennar í landshlutanum. Þingið skorar á iðnaðar- og viðskiptaráðherra að tryggja sanngjarnt flæði fjármagns inná Norðurland vestra til uppbyggingar ferðaþjónustu á svæðinu. Bæta þarf samgöngur á svæðinu með fjármunum til uppbyggingar og viðhalds vega sem þannig tryggir aðgengi að ferðamannastöðum.

Dreifing ferðamanna um landið og jöfnun árstíðarsveiflu er nauðsynlegur þáttur í að efla ferðaþjónustutengda atvinnustarfsemi í minni þéttbýliskjörnum og sveitum landsins auk þess sem það stuðlar að verndun þeirra náttúruauðlinda sem nú liggja víðsvegar undir skemmdum á fjölsóttari svæðum. Lykilatriði að því að fjölga ferðamönnum á Norðurlandi allt árið er að opna beint aðgengi með millilandaflugi um Akureyrarflugvöll. Það gerir ferðamönnum kleift að komast víðar um landið, sérstaklega þeim ferðamönnum sem ferðast utan háannatíma.

Þingið telur nauðsynlegt að styðja við og hlúa að uppbyggingu greinarinnar á svæðinu með því að leiða saman hagsmunaaðila í ferðaþjónustu á svæðinu, veita þeim faglega ráðgjöf og eftirfylgni t.d. er varðar vörubróun, kynningar- og markaðsstarf og skipulagningu rekstrar. Þingið leggur ríka áherslu á tengingu landshlutans við aðra landshluta þá sérstaklega Norðurland eystra og Vesturland og gott samstarf þar á milli.

Rekstur upplýsingamiðstöðva landshluta er afar mikilvægur þáttur í þeirri viðleitni að fjölga áfangastöðum ferðamanna, vísa þeim leið og tryggja ánægjulega dvöl. Því skorar ársþing SSNV á stjórnvöld að tryggja nægjanlegt fjármagn til reksturs upplýsingamiðstöðva á Norðurlandi vestra svo þeir fjármunir dugi til að þjónusta ferðamenn allt árið.

Þingið lýsir yfir ánægju sinni með þann árangur sem náðst hefur í eflingu ferðaþjónustu á svæðinu að undanfögnu og þeirri samvinnu sem hefur átt sér stað innan landshlutans t.a.m. með tilkomu fuglaverkefnisklasa og ráðningu starfsmanns ferðaþjónustunnar í landshlutanum. Hvetur þingið til áframhaldandi vinnu þar að lútandi.

Tillaga um starfshóp

Stjórn SSNV leggur til að ársþing SSNV haldið að Hvammstanga 16.-17. okt. 2014, tilnefni starfshóp til að yfirfara samþykktir samtakanna, m.a. með hliðsjón af núgildandi sveitarstjórnarlögum. Skipaðir verði þrír fulltrúar, einn fulltrúi úr hverri sýslu sem vinni með stjórn samtakanna að endurskoðun samþykta. Starfshópurinn skili af sér fyrir ársþing samtakanna árið 2015.

Kl. 12:30 var gert hádegishlé en fundarstörf hófust aftur kl. 13:15

Ávörp gesta

Hanna Birna Kristjánsdóttir, innanríkisráðherra

Hanna Birna þakkaði fyrir það tækifæri að fá að ávarpa þetta þing. Hún óskaði nýlega kjörnum sveitarstjórnarfulltrúum til hamingju með kjörið. Hún ítrekaði að fulltrúar sveitarfélaga væru ávallt velkomin í ráðuneytið til viðræðu, m.a. um fjármál sveitarfélaga og yfirfærslu málaflokka til sveitarfélaganna.



Ráðherra sagði ánægjulegt að hlutverk kvenna í sveitarstjórnnum væri að aukast en 44% fulltrúanna eru konur. Hins vegar væri áhyggjuefni hversu mjög þátttaka í kosningum væri að minnka og þá sérstaklega þátttaka ungs fólks.

Hanna Birna fjallaði um nokkur verkefni sem eru samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga. Í ráðuneytinu er unnið að hvítbók um þessi samskipti og væntanlega verða drög orðin til um áramót. Hún ræddi sameiningu lögreglu- og sýslumannsembættta um allt land og þakkaði fyrir gott samstarf við innleiðingu þess verkefnis. Þá ræddi hún almenningssamgöngur sem væru fjárhagslega þungar hjá sumum landshlutum, lítið fjármagn til Sóknaráætlunar landshluta á fjárlögum næsta árs.

Eitt stærsta verkefnið framundan er á sviði fjarskipta en þau mál eru ekki eins og þau ættu að vera, hvorki fyrir íbúa landsins né tækifæri fyrir hugsanlega fjárfesta. Þessi mál eru í skoðun. Þá ræddi ráðherra þau jákvæðu skref í samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem tekin hafa verið á undanförunum árum.

Einnig ítrekaði ráðherra óskir um gott og aukið samstarf við sveitarfélögin, m.a. í samgöngumálum og við gerð hvítbókarinnar.

Að lokum ítrekaði ráðherra góðar óskir til sveitarstjórnarmanna og árnaði þeim velfarnaðar í störfum sínum.

Umræður og fyrirspurnir

Til máls tóku: Bjarni Jónsson, Sigurjón Þórðarson og Hanna Birna Kristjánsdóttir.

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga

Karl þakkaði fyrir að fá tækifæri til að ávarpa þingið. Hann lýsti áhyggjum sínum yfir minnkandi kjörsókn en sagði aukinn hlut kvenna í sveitarstjórnnum jákvæða þróun. Hann benti einnig á að nýliðun í sveitarstjórnnum í síðustu kosningum hefð verið yfir 50%.

Karl fór yfir þróun fjármála ríkis og sveitarfélaga undanfarin ár sem hafa verið sveiflukennd. Hann ræddi frumvarp til laga um opinber fjármál sem væri nýtt samráðsferli ríkis og sveitarfélaga og eru miklar vonir bundnar við þetta ferli. Þá fór hann yfir skipurit sambandsins, heimasíðu sambandsins, fjölmörg brýn verkefni sem unnið er að, kjarasamning við grunnskólakennara, fjárlagafrumvarpið 2015 en þar væri samráði mjög ábótavant, stefnumörkun sambandsins um virkniúrræði, Sóknaráætlanir landshluta, stefnumörkun sambandsins um sóknaráætlanir, tillögur verkefnisstjórnar um nýja húsnæðisstefnu og lífeyrisskuldbindingar.

Að lokum skilaði Karl kveðju frá stjórn og starfsmönnum sambandsins.

Karl Björnsson studdist við glærur í ávarpi sínu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

Einar K. Guðfinnsson, alþingismaður Norðvesturkjördæmis og forseti Alþingis

Einar bað fyrir kveðju frá þingmönnum kjördæmisins og þá sérstaklega Gunnari Braga Sveinssyni, fyrsta þingmanni kjördæmisins, sem staddur er erlendis.

Einar fór yfir ýmsa málaflokka sem eru í deiglu þessa dagana, m.a. fjarskiptamál, heilbrigðismál, vegamál, málefni framhaldsskólanna, málefni fatlaðra og skiptingu fjármuna þar milli sveitarfélaga.

Stærstu málín framundan eru atvinnumálin, m.a. hefur á þessu svæði verið hlutfallslega mikill samdráttur í opinberri þjónustu á undanförunum árum. Nú sé komið að Norðvesturlandi í uppbyggingu stærri atvinnukosta.

Að lokum þakkaði Einar fyrir að fá það tækifæri að ávarpa þingið og árnaði þinginu velfarnaðar.



Fyrirspurnir og umræður

Til máls tóku: Sigurjón Þórðarson, Bjarni Jónsson, Karl Björnsson og Einar K. Guðfinnsson.

Landsskipulagsstefna, stefnumörkun, áhrif og aðkoma sveitarfélaga

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar

Ásdís Hlökk gerði grein fyrir vinnslu landsskipulagsstefnu sem er á lokastigi og stefnt að kynningu í nóvember. Ásdís Hlökk fór yfir ramma landsskipulagsstefnunnar, þá þætti sem tengjast ríki og sveitarfélögum og hvernig þær tengjast ýmsum áætlunum ríkisins. Þá rakti hún ferlið við mótnun stefnunnar en stefnt er að því að málið verði afgreitt frá Alþingi á vormánuðum 2015.

Ásdís studdist við glærur í ávarpi sínu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

Fyrirspurnir og umræður

Til máls tóku: Sigurjón Þórðarson, Viggó Jónsson, Ásta Pálmadóttir og Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Framtíðarsýn. Staða og horfur Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra

Ingileif Oddsdóttir, skólameistari FNV

Ingileif þakkaði fyrir boð um að kynna starfsemi Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Hún ræddi um hlutverk og framtíðarsýn FNV og fór yfir námsframboð og brautaskipulag. Þá ræddi hún það dreifnám sem er í boði á Blönduósi, Hvammstanga og Hólmavík og færði sveitarstjórnarmönnum sérstakar þakkir fyrir aðkomu þeirra.

Skólameistari ræddi vaxandi aðsókn að skólanum, aldursdreifingu nemenda og árangur þeirra í háskólanámi, fjárframlög og þá stefnu að færa nám þeirra sem eru 25 ára og eldri yfir til símenntunarmiðstöðvanna.

Ingileif studdist við glærur í erindi sínu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

Fyrirspurnir og umræður

Til máls tóku: Einar K. Guðfinnsson, Guðbjartur Hannesson, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Hörður Ríkharðsson og Ingileif Oddsdóttir.

Sóknaráætlun landshluta. Er þær á vetur setjandi?

Hólmfríður Sveinsdóttir, verkefnisstjóri hjá Byggðastofnun

Hólmfríður fór stuttlega yfir sögu Sóknaráætlunar landshluta frá vorinu 2012 til dagsins í dag. Markmið sóknaráætlunar er efling landshluta og valddreifing og aukin völd til landshlutanna. Hún vitnaði í ráðherra byggðamála sem hefur talað um að framlagið verði a.m.k. 100 milljónir á næsta ári. Smám saman er verið að festa þetta verklag í sessi.

Þá ræddi Hólmfríður drög að Sóknaráætlun 2015-2019, inn koma Vaxtarsamningar og Menningarsamningar auk Sóknaráætlunarpendinga en þar er óvissa um fjármagnið á næsta ári. Á mánudaginn verða sendar tillögur til landshlutanna um útfærsluna.

Hólmfríður studdist við glærur í erindi sínu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu SSNV.



Fyrirspurnir og umræður

Enginn tók til máls.

Kl. 17:50 frestaði þingforseti fundi til kl. 9:15 á föstudag.

FÖSTUDAGUR 17. OKTÓBER 2014

Kl. 9:00 að morgni föstudagsins, 17. október 2014, var fundi fram haldið.

Nefndastörf.

Tvær nefndir tóku þá til starfa; **Allsherjarnefnd** sem Sigríður Svavarsdóttir stjórnaði og **Fjárhags- og laganefnd** sem Magnús B. Jónsson var í forsvari fyrir.

Afgreiðsla nefndarálita, ársreikninga og fjárhagsáætlun. Kosningar samkvæmt lögum SSNV.

Þingforseti setti formlega dagskrá á ný kl. 11.20.

Fulltrúatal

Ásta Pálmadóttir, formaður kjörnefndar, fór yfir fulltrúatal fundarins. Rétt til fundarsetu með atkvæðisrétt eiga 29 fulltrúar og af þeim eru 27 mættir. Mættir fulltrúar eru:

Nafn	Sveitarfélag	Aðal/vara
Agnar H. Gunnarsson	Akrahreppur	aðal
Anna Margrét Jónsdóttir	Blönduósþær	vara
Hörður Ríkharðsson	Blönduósþær	aðal
Anna Margrét Sigurðardóttir	Blönduósþær	aðal
Oddný María Gunnarsdóttir	Blönduósþær	aðal
Þorleifur Ingvarsson	Húnavatnshreppur	aðal
Jóhanna Magnúsdóttir	Húnavatnshreppur	aðal
Þóra Sverrisdóttir	Húnavatnshreppur	aðal
Elín R. Líndal	Húnaþing vestra	aðal sat þingið á föstudegi
Valdimar Gunnlaugsson	Húnaþing vestra	vara sat þingið á fimmtudegi
Stefán Böðvarsson	Húnaþing vestra	aðal
Unnur Valborg Hilmarsdóttir	Húnaþing vestra	aðal
Ingimar Sigurðsson	Húnaþing vestra	aðal
Vignir Sveinsson	Skagabyggð	aðal
Stefán Vagn Stefánsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal sat þingið á fimmtudegi
Inga Huld Þórðardóttir	Sv.fél. Skagafjörður	vara sat þingið á föstudegi
Sigríður Magnúsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Bjarki Tryggvason	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Viggó Jónsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal



Þórdís Friðbjörnsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Sigríður Svavarsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Sigurjón Þórðarson	Sv.fél. Skagafjörður	vara
Gunnsteinn Björnsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Bjarni Jónsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Ásta Pálmadóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Margeir Friðriksson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Adolf H. Berndsen	Sv.fél. Skagaströnd	aðal
Inga Rós Sævarsdóttir	Sv.fél. Skagaströnd	aðal
Halldór G. Ólafsson	Sv.fél. Skagaströnd	aðal

Fjárhags- og laganefnd

Magnús B. Jónsson gerði grein fyrir tillögum Fjárhags- og laganefndar

Ársreikningar

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, samþykkir ársreikninga SSNV, SSNV atvinnuþróunar, Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra, Vaxtarsamnings Norðurlands vestra og Menningarráðs Norðurlands vestra, fyrir árið 2013.

Markaðs- og kynningarátak

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, leggur til, í ljósi góðrar fjárhagsstöðu SSNV, að samtökin leggi til allt að 25.000.000 kr. í markaðs- og kynningarátak fyrir Norðurland vestra og verði stjórn samtakanna falin nánari útfærsla á verkefninu.

Fjárhagsáætlanir

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, samþykkir fjárhagsáætlanir SSNV, SSNV atvinnuþróunar og Menningarráðs Norðurlands vestra fyrir árið 2015, með fyrirvara um framlög opinberra aðila.

Tillaga um þóknun vegna funda í menningarráði á árinu 2015

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. okt. 2014, samþykkir að fundarþóknun fyrir almenna fulltrúa í menningarráði verði 15.000.- kr. á árinu 2015. Þóknun formanns verði 22.500.- kr.

Tillaga um endurskoðun á samþykktum Menningarráðs Norðurlands vestra

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16. okt. 2014, samþykkir að fela Menningarráði Norðurlands vestra að endurskoða samþykktir fyrir menningarráðið og leggja breytingatillögur fyrir næsta aðalfund menningarráðs, árið 2015. Skulu breytingatillögur ráðsins liggja fyrir 15. ágúst 2015.

Tillaga um starfshóp

22. ársþing SSNV, haldið að Hvammstanga 16.-17. okt. 2014, samþykkir að skipa starfshóp til að yfirfara samþykktir samtakanna, m.a. með hliðsjón af núgildandi sveitarstjórnarlögum. Skipaðir verði þrír fulltrúar, einn fulltrúi úr hverri sýslu sem vinni með stjórn samtakanna að endurskoðun samþykktanna. Starfshópurinn skili af sér fyrir ársþing samtakanna árið 2015.

Uppgjör SFNV

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. okt. 2014, samþykkir að vísa því til stjórnar SSNV að ljúka uppgjöri SFNV vegna málefna fatlaðra í ljósi þeirrar samantektar frá KPMG sem liggur fyrir þinginu. Því uppgjöri skal lokið fyrir lok ársins 2014.



Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

Allsherjarnefnd

Sigríður Svavarsdóttir gerði grein fyrir tillögum Allsherjarnefndar:

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, samþykkir eftirfarandi ályktanir sem allar miða að eflingu byggða og bættum búsetuskilyrðum á Norðurlandi vestra.

Starfsemi og þjónusta eftirlitsstofnana á svæðis- og landsvísu

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, leggur áherslu á að eftirlit og þjónusta við eftirlitsskylda starfsemi í landshlutanum skuli innt af hendi af heilbrigðiseftirliti, vinnueftirliti, eldvarnareftirliti og öðrum eftirlitsaðilum á Norðurlandi vestra. Jafnframt verði eftirlitsaðilum á Norðurlandi vestra falin önnur þau verkefni sem annast þarf á þeim vettvangi, í stað þess að færa þau til miðlægra stofnanna sem oft hafa takmarkaða þekkingu á staðháttum og starfsemi á svæðinu. Brýnt er að samræma og samþætta eftirlitsstarfsemi til að draga úr heildarkostnaði við eftirlit og þeim kostnaði sem fellur á fyrirtæki og atvinnulíf.

Heilbrigðisþjónusta

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, ítrekar að hafa ber sjónarmið heimafólks að leiðarljósi þegar kemur að ákvörðunum um skipulag og framkvæmd heilbrigðisþjónustu í héraði. Þingið lýsir vonbrigðum og óánægju með þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið þegar teknar hafa verið stórar ákvarðanir um breytingar eða niðurskurð heilbrigðisþjónustu á svæðinu. Skorað er á ríkisstjórn Íslands og Alþingi að standa vörð um þá heilbrigðisþjónustu sem nú er veitt á Norðurlandi vestra og byggja upp nauðsynlega og stöðuga grunnþjónustu eftir langvarandi niðurskurð. Óásættanlegt er að þjónustan verði skert meira en orðið er og sú óvissa sem ríkt hefur um þjónustuna og framkvæmd hennar er ekki boðleg. Slíkt skaðar búsetuöryggi og lífsgæði á svæðinu.

Sóknaráætlun landshluta

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, lýsir ánægju með það fyrirkomulag sem á hefur komist á vettvangi Sóknaráætlunar landshluta þar sem forræði fjármuna og verkefna hefur verið á höndum heimamanna með samþættingu áætlana og samninga um verkefni á svæðinu að leiðarljósi. Brýnt er að áfram verði haldið á sömu braut og nauðsynlegt er að horfa til lengri tíma en gert hefur verið, fyrir hvert samningstímabil svo ekki skapist óvissa um einstök verkefni. Þingið skorar á stjórnvöld að fylgja eftir af heilum hug því starfi sem raunverulega átti að vinna samkvæmt Sóknaráætlun landshluta og tryggja að þeim fjármunum verði veitt í verkefnið sem upphaflega stóð til.

Almenningssamgöngur

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, lýsir yfir ánægju með aukna þjónustu við íbúa á sviði almenningssamgangna sem hefur reynst mikilvægur þáttur í að styrkja samgöngur innan svæðis og tengja það við aðra landshluta. Vaxandi fjöldi farþega sýnir, svo ekki verður um villst, að áhugi er fyrir að nýta þjónustuna og þróa hana enn frekar. Ársþingið harmar hinsvegar að ekki skuli hafa gengið eftir þau fyrirheit sem gefin voru af hálfu ríkisins varðandi einkaleyfi á umsömdum akstursleiðum og að ríkið hafi einhliða ákveðið að hætta niðurgreiðslu olíugjalds vegna almenningssamgangna, með þeim afleiðingum að afkoma verkefnisins hefur ekki orðið í samræmi við áætlanir.



Árþingið telur áframhaldandi aðkomu sveitarfélaga að verkefninu byggjast á að fjárframlög ríkisins og farþegatekjur dugi fyrir rekstrarkostnaði og að bætt verði lagaleg umgjörð verkefnisins svo umboð til sérleyfisaksturs verði skýrt og óskorað. Ekki er ásættanlegt að kostnaði við almenningsamgöngur verði velt yfir á sveitarfélögin eða ríkið sjái sér leik á borði að nýta sér þær sem nýjan tekjustofn á kostnað sveitarfélaganna.

Samgöngumál

22. ársþing SSSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, leggur ríka áherslu á að unnið verði áfram að uppbyggingu vega á Norðurlandi vestra og mótmælir hardlega því fálæti sem landshlutanum hefur verið sýnt þegar kemur að nýframkvæmdum í Samgönguáætlun 2011-2022. Leggja verður áherslu á að hlutur Norðurlands vestra verði réttur í þeirri vinnu sem nú er að hefjast við endurskoðun Samgönguáætlunar.

Sveitarstjórnarmenn á Norðurlandi vestra hafa lagt á það áherslu að byggja upp greiðari samgöngur innansvæðis, m.a. með viðhaldi núverandi vegakerfis og stækkun atvinnu- og skólasóknarsvæða að leiðarljósi.

Aukin umferð ferðafólks kallar víða á úrbætur á héraðsvegum af öryggissjónarmiðum og nauðsynlegt er að leggja héraðs- og tengivegi bundnu slitlagi. Þar með er ekki sagt að í öllum tilvikum þurfi að vera um að ræða tvíbreiða vegi. Þingið beinir því til innanríkisráðherra að eftirfarandi framkvæmdir á Norðurlandi vestra verði settar á samgönguáætlun:

- Þverárfjallsvegur: Endurbygging Skagastrandarvegur frá Þjóðvegi 1 að Höskuldsstöð-um.
- Héraðs- og tengivegir: Afar brýnt er að stórbæta viðhald héraðs- og tengivega í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum og að þeir verði lagðir bundnu slitlagi. Ekki er ásættanlegt að hagsmunir íbúa á Norðurlandi vestra verði áfram fyrir borð bornir þegar kemur að úthlutun fjármuna til viðhalds og nýframkvæmda héraðs- og tengivega. Þingið krefst þess að fjármunir til héraðs- og tengivega á starfssvæði SSSNV verði stórauknir frá núgildandi Samgönguáætlun, jafnframt verði úthlutað í nýrri áætlun fjármunum til að halda megi áfram nauðsynlegri uppbyggingu og viðhaldi. Eftirfarandi framkvæmdir eru áherslur ársþingsins:

- o Vatnsnesvegur 711
- o Miðfjarðarvegur 704
- o Þingeyravegur 721
- o Svínvetningabraut 731
- o Skagavegur 745
- o Skagafjarðarvegur 752
- o Reykjastrandarvegur 744
- o Tindastólsvegur 746
- o Hegransvegur 764

- Þjóðvegur 1: Áfram verði unnið að viðhaldi og breikkun þjóðvegur 1 á starfssvæði SSSNV.
- Vegstæði um Holtavörðuheiði: Nú þegar verði hafnar athuganir á lækku vegstæðis þjóðvegur 1 um Holtavörðuheiði og sú framkvæmd sett á Samgönguáætlun.
- Kjalvegur: Sívaðandi umferð um Kjalveg krefst mun meira viðhalds og þjónustu en verið hefur. Þingið skorar á samgönguyfirvöld að bæta hér úr.
- Jafnframt skorar þingið á innanríkisráðherra að tryggja áætlunarflug til Sauðárkróks og minnir á að óviðunandi er að Norðurland vestra verði eini landshlutinn, sem ekki liggur að höfuðborgarsvæðinu, sem ekki nýtur þjónustu innanlandsflugs. Þingið skorar á innanríkisráðherra að láta kanna kosti þess að gera Alexandersflugvöll á



Sauðárkróki að varaflugvelli fyrir Keflavíkurflugvöll, Reykjavíkurflugvöll og Akureyrarflugvöll.

Atvinnumál

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, leggur áherslu á eftirfarandi þætti í atvinnumálum:

- Í ljósi neikvæðrar íbúa- og hagvaxtarþróunar liðinna ára á Norðurlandi vestra krefst þingið þess að stjórnvöld beiti sér sérstaklega fyrir því að áform um uppbyggingu mannaflsfreks iðnaðar nái fram að ganga á starfssvæði samtakanna, líkt og unnið hefur verið í öðrum landshlutum á undanförunum árum og áratugum. Þá leggur þingið áherslu á mikilvægi þess að ráðist verði í stækkun Blönduvirkjunar og krefst þess að orkuframleiðsla virkjunarinnar verði nýtt til atvinnuuppbyggingar á svæðinu eins og stjórnvöld gáfu fyrirheit um á sínum tíma. Þingið fer jafnframt fram á að raforkuöryggi verði tryggt á svæðinu í heild sinni og að þriggja fasa rafmagn verði tryggt fyrir íbúa þess.
- Mikilvægt er að tryggja stöðugleika í rekstrarumhverfi sjávarútvegs og landbúnaðar sem eru grunnstoðir atvinnulífs á Norðurlandi vestra. Stuðla þarf að nýliðun og framþróun í þessum greinum. Þingið leggur þunga áherslu á að hagsmunir sjávarútvegs og landbúnaðar verði tryggðir í hvívetna.
- Strandveiðar hafa sannað gildi sitt og haft jákvæð áhrif. Mikilvægt er að þróa það kerfi áfram. Þá er einnig mikilvægt að byggðastuðningur í gegnum línuívilnun og byggðakvóta verði áfram til staðar.
- Flutningskostnaður er landsbyggðarskattur og því er afar brýnt að tillögur um skerðingu á fjármunum til jöfnunar flutningskostnaðar verði endurskoðaðar í því skyni að jafna kjör allra landsmanna í þessum efnum. Þá telur þingið að taka þurfi skattlagningu á eldsneyti til endurskoðunar því hátt eldsneytisverð hefur nú þegar haft neikvæð áhrif, m.a. á ferðaþjónustu og framleiðslukostnað fyrirtækja á landsbyggðinni.
- Starfsemi landshlutasamtaka og atvinnuþróunarfélaganna verði tryggð. Aðgengi fyrirtækja á landsbyggðinni að fjármagni á samkeppnishæfum kjörum verði tryggt, m.a. í gegnum lánasvið Byggðastofnunar og aðrar fjármálastofnanir í landinu.
- Vel hefur tekist til með uppbyggingu á rannsókn- og þróunarstarfi á sviði nýtingar náttúruauðlinda og matvælaíðnaðar í landshlutanum. Skapar það Norðurlandi vestra mikilvæga sérstöðu á landsvísu. Má þar nefna fjölbreytt starf í Verinu, hjá Biopol og Selasetri Íslands. Mikil sóknarfæri felast í áframhaldandi uppbyggingu fyrirtækja og stofnana á þessu sviði og mikilvægt að stjórnvöld styðji enn betur við þessa vaxtarbrodda í landshlutanum.

Opinber þjónusta og starfsemi á Norðurlandi vestra

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, leggur ríka áherslu á að ekki verði gengið lengra í fækkun opinberra starfa og skerðingu opinberrar þjónustu í landshlutanum. Það er óásættanlegt að á sama tíma og opinberum störfum í landshlutanum hefur fækkað um 52 frá árinu 2008 skuli opinberum störfum á höfuðborgarsvæðinu hafa fjölgað stórlega. Þau störf sem helst hafa verið skorin niður á Norðurlandi vestra eru störf sem konur hafa gegnt. Fækkun opinberra starfa og skerðing sem orðin er á grunnþjónustu hefur haft alvarleg áhrif á lífsgæði íbúa og svæðið sem ákjósanlegan valkost til búsetu. Nauðsynlegt er að gerð verði áætlun um uppbyggingu þjónustu á svæðinu til framtíðar, þar sem hugað verði að nýjum verkefnum, stuðningi við þá starfsemi sem fyrir er og flutningi ríkisstarfa til svæðisins.



Refa- og minkaveiðar

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, skorar á ríkisvaldið að veita auknu fjármagni til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink. Veiðarnar stuðla að því að unnt sé að meta og draga úr tjóni af völdum refa og minka og tryggja nauðsynlegt jafnvægi í lífríkinu. Þingið fer fram á endurgreiðslur á virðisaukaskatti til sveitarfélaganna vegna veiðanna, til lækkunar á kostnaði.

Jafnrétti til húsnæðislána

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, kallar eftir aðgerðum til að mæta vaxandi þörf eftir nýju íbúðarhúsnæði í byggðum landsins. Þingið skorar á ríkisstjórnina að fylgja eftir stefnu sinni um endurskipulagningu húsnæðismarkaðarins og tryggja jafnrétti þegna landsins til búsetu. Íbúðalánasjóður hefur margsannað gildi sitt þegar kemur að lánveitingum til fjárfestinga á landsbyggðinni og er félagslegt hlutverk sjóðsins einnig ríkulegt. Þingið leggur áherslu á að starfsemi sjóðsins verði tryggð til framtíðar og að höfuðstöðvar sjóðsins verði áfram á Sauðárkróki.

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, leggur áherslu á að staðinn verði vörður um Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra sem er ein af grunnstöðum byggðar og menntunar í landshlutanum, bæði í bóknámi og verkgreinum. Vel hefur tekist til við þróun nýrra námsleiða við skólann og mikilvægt að því uppbyggingar- og þróunarstarfi verði haldið áfram og skólanum tryggðar nægar fjárveitingar.

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra hefur unnið vel heppnað brautryðjendastarf í uppbyggingu dreifnáms á landsbyggðinni og stendur nú að dreifnámi á þremur stöðum, Blönduósi, Hvammstanga og Hólmavík.

Ársþingið leggur áherslu á að tryggðir verði fjármunir til lengri tíma til reksturs og frekari þróunar dreifnáms á þessum stöðum. Dreifnámið hefur sannað gildi sitt og styrkir byggð, aðgengi að námi og búsetujafnrétti á Ströndum og Norðurlandi vestra. Norðurland vestra hefur komið út með lægsta menntunarstig á landinu og einmitt þess vegna er mjög mikilvægt að styrkja stöðir framhaldsskólans í þessum landshluta. Grundvallaratriði í byggðapróun og grunnþjónustu íbúa er aðgengi þeirra að menntastofnunum.

Brýn þörf er fyrir skóla sem þennan að fá að taka inn nemendur sem eru eldri en 25 ára til að hækka menntunarstigið á svæðinu.

Hólaskóli-Háskólinn á Hólum

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, undirstrikar mikilvægi Hólaskóla-Háskólans á Hólum fyrir mennta- og þróunarstarf á landsvísu og þá þýðingu sem starfsemi hans hefur fyrir landshlutann. Lögð er áhersla á mikilvægi Hóla í Hjaltadal, Hólaskóla-Háskólans á Hólum og vígslubiskupsembættis Hólastiftis.

Hólar eru eitt elsta sögu-, menningar- og menntasetur þjóðarinnar og starfsemin þar skiptir gríðarmiklu máli fyrir héraðið, landshlutann sem og þjóðina alla.

Háskólinn á Hólum hefur vaxið og dafnað á síðustu áratugum. Hann brautskráir nemendur með starfsmenntagráður, diplómapróf og háskólagráður. Einn helsti lykillinn að velgengni skólans er einmitt sjálfstæði hans sem hefur gert skólanum kleift að starfa á sínum eigin forsendum. Í krafti sjálfstæðis hefur hann sótt fram, styrkt stöðuna og breikkað verkefnasviðið með samningum við bændur, fyrirtæki, einstaka háskóla og rannsóknastofnanir hérlendis sem erlendis. Mikilvægt er að treysta fjárhagsstöðu skólans og verja sjálfstæði hans.

Gæfa og styrkur Hóla í Hjaltadal er sjálfstæði og ábyrgð heimamanna. Bundið er í lögum, bæði fyrir skóla og biskupssetur, að rektor Hólaskóla og vígslubiskup Hólastiftis búi á Hólum. Þessi skipan hefur reynst farsæl og sjálfssögð.



Menningarmál

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, harmar þær skerðingar sem verið hafa á framlagi ríkisins til menningarmála á Norðurlandi vestra á undanförunum árum, einkum á stofn- og rekstrarstyrkjum. Þingið krefst þess að úr þessu verði bætt og framlög til landshlutans leiðrétt. Framkvæmd menningarsamninga á Norðurlandi vestra hefur gengið vel og öflugur stuðningur við menningarstarf er mjög mikilvægur þeim fjölmörgu aðilum á svæðinu sem því sinna. Jafnframt því að leiðrétta þarf skerðingar á framlögum til landshlutans þarf að tryggja að ekki dragist úr hófi að hægt verði að úthluta vegna verkefna næsta árs.

Fjarskiptamál

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, krefst þess að tryggð verði aukin gæði fjarskipta á Norðurlandi vestra, hvort sem um ræðir nettengingar, GSM samband á svæðinu eða önnur fjarskipti sem fylgja því að búa í nútímasamfélagi, hvort sem það tengist námi, starfi eða til að tryggja öryggi íbúa.

Lögð er áhersla á það sanngirnis- og jafnréttismál að allir íbúar landsins eigi kost á háhraðatengingu sem stenst nútímakröfur óháð búsetu. Sú krafa er í samræmi við fjarskipta-áætlun þar sem rík áhersla er lögð á atvinnuuppbyggingu, bætt lífsgæði og jákvæða byggðaðþróun.

Víða á Norðurlandi vestra er fjarskiptum verulega ábótavant. Gott farsíma- og netsamband er í senn stór öryggisþáttur og mikilvægur þáttur í uppbyggingu þjónustu, bæði fyrir íbúa og vaxandi fjölda ferðafólks. Skortur á góðum fjarskiptum getur staðið í vegi fyrir uppbyggingu fyrirtækja og þjónustu og dregið þannig úr lífsgæðum og veikt svæðið sem valkost til búsetu.

Málefni fatlaðs fólks

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. október 2014, fer fram á leiðréttingu á tekjuforsendum við útteilingu fjármuna til þjónustu við fatlað fólk á starfssvæði byggðasamlagsins Róta. Þingið leggur jafnframt áherslu á að sett verði í úthlutunarreglur, vegna þjónustu við fatlað fólk, ákvæði sem gera ráð fyrir auknum kostnaði vegna þjónustu sem veitt er í dreifðum byggðum. Tryggja verður að uppbygging og þjónusta við fatlað fólk á starfssvæði byggðasamlagsins fái að haldast óáreitt svo hægt verði að vinna áfram að markmiðum yfirfærslunnar með því að stuðla að samþættingu nærþjónustu við íbúa sveitarfélaga, bæta þjónustu í heild og auka möguleika til að laga hana að þörfum fatlaðs fólks með hliðsjón af ólíkum aðstæðum.

Ferðaðþjónusta

22. ársþing SSNV, haldið í Húnaþingi vestra 16.-17. október 2014, leggur áherslu á þá miklu möguleika sem felast í uppbyggingu ferðaðþjónustu og grunnstöðum hennar í landshlutanum. Þingið skorar á iðnaðar- og viðskiptaráðherra að tryggja sanngjarnt flæði fjármagns inná Norðurland vestra til uppbyggingar ferðaðþjónustu á svæðinu. Bæta þarf samgöngur á svæðinu með fjármunum til uppbyggingar og viðhalds vega sem þannig tryggir aðgengi að ferðamannastöðum.

Dreifing ferðamanna um landið og jöfnun árstíðarsveiflu er nauðsynlegur þáttur í að efla ferðaðþjónustutengda atvinnustarfsemi í minni þéttbýliskjörnum og sveitum landsins auk þess sem það stuðlar að verndun þeirra náttúruauðlinda sem nú liggja víðsvegar undir skemmdum á fjölsóttari svæðum. Lykilatriði að því að fjölga ferðamönnum á Norðurlandi allt árið er að opna beint aðgengi með millilandaflugi um Akureyrarflugvöll. Það gerir ferðamönnum kleift að komast víðar um landið, sérstaklega þeim ferðamönnum sem ferðast utan háannatíma.

Þingið telur nauðsynlegt að styðja við og hlúa að uppbyggingu greinarinnar á svæðinu með því að leiða saman hagsmunaaðila í ferðaðþjónustu á svæðinu, veita þeim faglega ráðgjöf og eftirfylgni, t.d er varðar vörubrúun, kynningar- og markaðsstarf og skipulagningu rekstrar.



Þingið leggur ríka áherslu á tengingu landshlutans við aðra landshluta, þá sérstaklega Norðurland eystra og Vesturland og gott samstarf þar á milli.

Rekstur upplýsingamiðstöðva landshluta er afar mikilvægur þáttur í þeirri viðleitni að fjölga áfangastöðum ferðamanna, vísa þeim leið og tryggja ánægjulega dvöl. Því skorar ársþing SSNV á stjórnvöld að tryggja nægjanlegt fjármagn til reksturs upplýsingamiðstöðva á Norðurlandi vestra svo þeir fjármunir dugi til að þjónusta ferðamenn allt árið.

Þingið lýsir yfir ánægju sinni með þann árangur sem náðst hefur í eflingu ferðaþjónustu á svæðinu að undanfögnu og þeirri samvinnu sem hefur átt sér stað innan landshlutans t.a.m. með tilkomu fuglaverkefnisklasa og ráðningu starfsmanns ferðaþjónustunnar í landshlutanum. Hvetur þingið til áframhaldandi vinnu þar að lútandi.

Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

Kosningar

Formaður kjörnefndar, Ásta Pálmadóttir, gerði grein fyrir tillögum kjörnefndar um skipan í eftirtalin embætti:

Stjórn SSNV til tveggja ára

*Unnur Valborg Hilmarsdóttir, Húnaþing vestra
Adolf H. Berndsen, Sveitarfélagið Skagaströnd
Valgarður Hilmarsson, Blönduósþbær
Sigríður Svavarsdóttir, Sveitarfélagið Skagafjörður
Stefán Vagn Stefánsson, Sveitarfélagið Skagafjörður*

Varastjórn til tveggja ára

*Elín Jóna Rósinberg, Húnaþing vestra
Dagný R. Úlfarsdóttir, Skagabyggð
Þorleifur Ingvarsson, Húnavatnshreppur
Gunnsteinn Björnsson, Sveitarfélagið Skagafjörður
Bjarki Tryggvason, Sveitarfélagið Skagafjörður*

Formaður stjórnar SSNV til tveggja ára

Adolf H. Berndsen, Sveitarfélagið Skagaströnd

Varaformaður stjórnar SSNV til tveggja ára

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, Húnaþing vestra

Skoðunarmenn:

*Margeir Friðriksson, Sveitarfélagið Skagafjörður
Guðrún Ragnarsdóttir, Húnaþing vestra*

Varaskoðunarmenn:

*Ásta Ólöf Jónsdóttir, Sveitarfélagið Skagafjörður
Sigrún Hauksdóttir, Húnavatnshreppur*

Menningarráð Norðurlands vestra

Aðalmenn

*Magnús V. Eðvaldsson, Húnaþing vestra
Jóhanna Magnúsdóttir, Húnavatnshreppur
Stefán Vagn Stefánsson, Sveitarfélagið Skagafjörður
Sigríður Svavarsdóttir, Sveitarfélagið Skagafjörður*



Stjórn SSNV skipar svo fimmta manninn í ráðið og varamann hans.

Varamenn

Sigurbjörg Jóhannesdóttir, Húnaþing vestra
Pálmi Gunnarsson, Húnavatnshreppur
Sigríður Magnúsdóttir, Sveitarfélagið Skagafjörður
Gunnsteinn Björnsson, Sveitarfélagið Skagafjörður

Skoðunarmenn reikninga Menningarráðs:

Margeir Friðriksson, Sveitarfélagið Skagafjörður
Guðrún Ragnarsdóttir, Húnaþing vestra

Varaskoðunarmenn reikninga Menningarráðs:

Ásta Ólöf Jónsdóttir, Sveitarfélagið Skagafjörður
Sigrún Hauksdóttir, Húnavatnshreppur

Tillaga um starfshóp til að yfirfara samþykktir:

Bjarki Tryggvason, Sveitarfélagið Skagafjörður
Magnús B. Jónsson, Sveitarfélagið Skagaströnd
Guðný H. Karlsdóttir, Húnaþing vestra

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Önnur mál

Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri á Blönduósi, bauð til næsta ársþings SSNV á Blönduósi að ári liðnu.

Sigurður Valur Ásbjarnarson, bæjarstjóri Fjallabyggðar, flutti þinginu góðar kveðjur frá Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð. Sigurður Valur sagðist ekki gera athugasemdir við ársreikninga SFNV en lagði áherslu á aðkomu Fjallabyggðar og Dalvíkurbyggðar að endanlegum slitum SFNV.

Viggó Jónsson lagði fram eftirfarandi tillögu:

Norðvesturnefnd

22. ársþing SSNV, haldið á Hvammstanga 16.-17. okt. 2014, fagnar stofnun Norðvesturnefndar og bindur miklar vonir við að stjórnvöld styðji við þær tillögur sem nefndin mun leggja til.

Þingforseti sagði tillöguna of seint fram borna en sjálfsagt að hún komi fram í gögnum þingsins og var svo gjört og færð til bókar..

Til máls tóku: Anna Margrét Jónsdóttir, Sigurjón Þórðarson, Hörður Ríkharðsson og Viggó Jónsson.

Unnur Valborg Hilmarsdóttir þakkaði fundarmönnum komuna í Húnaþing vestra fyrir hönd gestgjafa og sagðist hlakka til að mæta á Blönduós að ári.

Bjarni Jónsson fráfarandi formaður SSNV þakkaði gestgjöfum góðar móttökur, starfsfólki SSNV fyrir undirbúning og framkvæmd ársþings. Þá þakkaði hann sérstaklega Guðrunu



Kloes fyrir áralangt farsælt starf en hún lætur af störfum í lok nóvember nk. Einnig þakkaði hann þingforsetum, fráfarandi stjórn gott samstarf og óskaði nýkjörinni stjórn til hamingju með kjörið.

Þingslit

Júlíus Guðni Antonsson þakkaði fyrir gott og starfssamt þing, óskaði þingfulltrúum góðrar heimferðar og sagði þinginu slitið.

Fundargerðina rituðu
Ingibergur Guðmundsson og Hildur Þóra Magnúsdóttir,
starfsmenn SSNV.